

## A 1806/vælfärd

**Flytjandi** Norræn vinstri græn  
**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

### Þingmannatillaga um að stöðva ættleiðingar frá einræðisríkjum og ótryggum löndum

#### Tillögur

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að vinna að því í sameiningu að stöðva ættleiðingar frá einræðisríkjum og ótryggum löndum.

#### Aðdragandi

Í dag eru Svíþjóð, Noregur og Danmörk þau lönd sem taka við flestum börnum úr öðrum heimshlutum til ættleiðingar. Jafnframt hafa verið birtar fjölmargar skýrslur um misbresti og lögbrot í tengslum við ættleiðingar. Vitað er til slíks í Víetnam, Eþíópíu, Indlandi, Sri Lanka, Kenía og Kóreu, en nýjasta skýrslan varðar ættleiðingar frá Chile. Í skýrslunni, sem unnin var af MFoF, sænskri ríkisstofnun um fjölskyldurétt og stuðning við foreldra, kemur fram að yfirvöld í Chile rannsaki nú 371 ættleiðingu til Svíþjóðar. Það eru um 17 prósent af þeim 2.177 ættleiðingum sem orðið hafa milli landanna.

Vitað er til þess að siðlausum aðferðum hafi verið beitt til að fá börn til ættleiðingar, allt frá þrýstingi og mútum til barnsrána. Ættleiðingarskjöl hafa verið fölsuð og undirskriftir fengnar á fölskum forsendum. Upp kom tilfelli þar sem barn var lýst látið í Chile en í raun gefið til Svíþjóðar til ættleiðingar. Foreldrar barnsins komust ekki að hinu sanna fyrr en 40 árum síðar.

Þegar upp hefur komist um misbresti hafa ættleiðingarstofur beðist afsökunar, en skellt skuldinni á gömul lög sem sett voru af alræmdum einræðisherrum. MFoF, sænska stofnunin um fjölskyldurétt og stuðning við foreldra, heldur áfram að veita umboð ættleiðingamiðlunum í löndum sem hafa sjálf vakið athygli á umfangsmiklum misbrestum hvað varðar gagnsæi og réttaröryggi. Stofnunin hefur áfram samþykkt ættleiðingar frá Kóreu, þrátt fyrir að það hafi tekið Kóreu 20 ár að undirrita Haag-samninginn þar sem kveðið er á um alþjóðlegar ættleiðingar og þó að Kórea hafi enn ekki fullgilt samninginn.



Norrænu löndin gera kröfur til atvinnulífsins um að tryggja að framleiðsla í öðrum löndum fari fram á siðferðislega ásættanlegan hátt. Í löndum okkar er hvatt til sniðgöngu á vörum og þjónustu frá svæðum þar sem við teljum mannréttindi vera brotin. Hið sama ætti að gilda um ættleiðingar. Ekki á að samþykkja ættleiðingar frá löndum þar sem börn eru ekki skráð við fæðingu. Skráning við fæðingu dregur úr hættu á skjalafalsi síðar meir.

Tryggja þarf gagnsæi og réttaröryggi til að alþjóðlegar ættleiðingar geti farið fram með sjálfbærum hætti. Ein leið til að tryggja að reglum sé fylgt er að leyfa aðeins ættleiðingar frá löndum sem virða þær greinar Barnasáttmálans sem kveða á um rétt barns til að vera skráð við fæðingu og hafa aðgang að upplýsingum.

Með það að markmiði að tryggja að börn séu ekki höfð að söluvöru á Norðurlöndum leggja Norræn vinstri græn til að norrænu ríkisstjórnirnar vinni saman að regluverki um sjálfbærar ættleiðingar og stöðvi ættleiðingar frá einræðisríkjum og ótryggum löndum.

Reykjavík, 22. janúar 2019

*Christian Juhl (EL)*

*Daniel Riazat (V)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Julius Graakjær Grantzau (ALT)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Paavo Arhinmäki (vinstri)*

*Pauli Trond Petersen (T)*

*Sofia Geisler (IA)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*